

X. Um tryppi.

102

56. gr. Heimilt er hverri hreppsnefnd, að láta hlutadeigandi hrepps-búa reka tryppi sín á aftrjett, ef þurfa þykir, og skipa nákvæmar fyrir um það. Sektum varðar, ef brotið er gegn þeim ákvörðunum hreppsnefndar.

XI. Um reikninga og sektir.

57. gr. Alla reikninga fyrir kostnað, sem um er talað í reglugjörð þessari, skal hlutadeigandi hreppsnefnd rannsaka og laga, ef þörf þykir og samþykkja síðan, áður en borgað sje eptir þeim. Tekur hreppsnefnd kvittun fyrir allt það, sem borgað er af sveitarsjóði.

58. gr. Öll afbrigði frá þeim reglum, er settar eru í lögum þessum, varða sektum eptir málavöxtum, hvort sem þær eru nefndar hjer að framan eða eigi. Sektir skal ákveða minnst 2 kr., mest 100 kr. Uppljóstrarmaður fær allt að helming sektafjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Amtsráð Austuramtsins, 22. dag ágústmán. 1893.

J. Havsteen. Jakob Gunnlögsson. Sigurður Einarsson.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breyting á fyrirkomulagi 103 tollskrána með póstgufuskipunum. — Með skírskotun til þóknanlegs brjefs yðar, 15. sept. herra landshöfðingi, dags. 1. f. m., læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að yfirstjórn skattamála hafa tilkynnt, að hún með brjefi til yfirumsjónar tollmálanna í Kaupmannahöfn hafi komið því til leiðar, að frá 1. nóv. næstkomandi að telja verði gefin út sjerstök tollskrá fyrir hvern viðkomustað hinna íslenzku póstgufuskipa, í stað einnar sameiginlegrar tollskrár, sem hingað til hafa tilkastað, og að í hverri tollskrá verði að eins taldar þær vörur, sem tollskyldar eru á Íslandi og þær sendingar, er ókunnugt er um, hvað sjeu, eða sem sendandi ekki vill leyfa rannsókn á, og að auk þessa verði að eins ritað á tollskrána almennt vottorð um, að hið annað sendigóss hafi eingöngu inni að halda vörur, sem eigi sjeu tollskyldar á Íslandi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verzlunarfulltrúagjöld. — 104 Með skírskotun til tveggja auglýsinga frá utanríkisráðaneytinu, dags. 18. f. m., sem prentaðar eru í A.-deild Stjórnartíðindanna nr. 6, og birta á Íslandi, lög 14. apríl 1893 um verzlunarfulltrúamál og þar til heyrandi auglýsing, er hvort tveggja gildir fyrir Ísland, með því að hjer er um sameiginlegt ríkismálefni að ræða, skal jeg með tilliti til þess, að innheimtuákvæðin um gjöld þau, sem ákveðin eru í 2. gr. nefndra laga eiga ekki við um skip, sem heima eiga á Íslandi, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna, að jeg eptir samráði við utanríkisráðaneytið hefi ákveðið, að innheimta tjeðra gjalda á Íslandi skuli framkvæmd af lögreglustjórunum eptir reglum, er yður, herra landshöfðingi, veitist heimild til að setja, þannig, að gjaldið sje til bráðabirgða greitt í landsjóð, en úr honum sje það aptur greitt til aðalfjehirzlu.